

Fjallskilanefnd Áltaversafréttar

Fundur fjallskilanefndar Áltaversafréttar haldinn á Herjólfstöðum þann 01.12.2025.

Formaður setur fundinn og býður fundargesti velkomna. Mættir eru Örvar Egill Kolbeinsson, Pálína Pálsdóttir og Þormar Ellert Jóhannsson.

Þormar leggur fram uppgjör fjallskila eftir haustið 2025. Unnin voru 81 dagsverk þetta haustið. Áætlaður seðill hljóðaði upp á 90 dagsverk og þau 9 dagsverk sem unnin voru umfram ganga til greiðslu bjsv. Lífgjafar fyrir afnot af bíl sveitarinnar. Daggjald á afrétti haustið 2025 var 20.738 kr og fær Lífgjöf því 186.642 kr.

Akstur bjsv bíls haustið 2025 var 770 km.

Akstur bíls frá Holti var 280 km.

Akstur annarra ökutækja 565 km en kemur hann ekki til greiðslu á þessu tímabili.

Uppgjörið og uppreiknaður fjallskilaseðill samþykkt.

Einnig reikningar fyrir dagsverk eintaklinga sem unnin voru umfram áætlun.

Ákveðið var að senda erindi á sveitastjórn Skaftárhrepps varðandi smalamennskur í Bólhraunum og Hraunbæ, sveitastjórn falið að senda reikning á Ríkiseignir vegna smalanna heimalanda þessara jarða. Dagsverkafjöldi á heimalandi Ríkiseigna var 15 dagsverk 2025.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 mun verða send fljótlega, áætluð 250.000 kr til viðhalds mannvirkja 2026.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið

Þormar Ellert Jóhannsson

Uppgjör fjallskila á Álftaversafrétti haustið 2025

Áætlun haustsins samkvæmt uppreiknuðum fjallskilaseðli gerði ráð fyrir 90 dagsverkum.

	Áætlun samkv. fjallskilaseðli	Unnin Dagsverk	Inneign	Skuld
Jórvík 1	7,0	7,0		
Jórvík 2	2,0	2,0		
Mýrar	11,5	9,0		2,5
Mýrar 2	3,5	0,0		3,5
Hraungerði	7,5	8,0	0,5	
Þykkvabæjarklaustur	10,0	7,0		3,0
Norðurhjáleiga	15,0	15,0		
Hraunbær	1,5	0,0		1,5
Bólhraun	1,0	0,0		1,0
Efri-Hraunbær	3,0	3,0		
Herjólfstaðir 1	8,5	7,0		1,5
Herjólfstaðir 2	8,0	11,0	3,0	
Holt	9,0	12,0	3,0	
Skálmarbær	2,5	0,0		2,5
Samtals	90,0	81,0	6,5	15,5

Gert er ráð fyrir því að þau 9,0 dagsverk sem afgangs eru samkvæmt fjallskilaseðli gangi upp í greiðslu fyrir akstur vegna fjallskila haustsins, þ.e. $20.738 * 9,0$ dagsverk = 186.642- kr. og greiðist samkvæmt meðfylgjandi reikningi, Björgunarsveitinni Lífjölf.

Fjallskilanefnd Álftaversafréttar 1/12 2025

Örvar Egill Kolbeinsson

Örvar Egill Kolbeinsson

Bormar Ellert Jóhannsson

Bormar Ellert Jóhannsson

Pálína Pálsdóttir

Pálína Pálsdóttir

Sveitastjórn Skaftárhrepps

b/t Einar Kristján Jónsson

Fundur fjallskilanefndar Álftaversafréttar haldinn á Herjólfstöðum 01.12.2025.

Fjallskilanefnd Álftaversafréttar hefur tekið saman að 15 dagsverk voru unnin við smalamennskur á heimalandi eyðingaröðanna Bólhrauna og Hraunbæjar haustið 2025.

Fjallskilanefndin leggur til að reikningur verði sendur af Skaftárhreppi til Ríkiseigna eins og óskað var eftir af þeirra hálfu, sbr. Bréf í viðhengi.

Kostnaður við smalamennskur á landi Ríkiseigna renni svo til Búnaðarfélags Álftavers.

Í viðhengi er bréf sem fjallskilanefnd Álftaversafréttar sendi Ríkiseignum varðandi fjallskil/smölun heimalanda Hraunbæjar og Bólhrauna þann 6. desember 2022.

Einnig er í viðhengi svar Ríkiseigna við bréfi fjallskilanefndar. Dags.04.01.2023.

Fjallskilanefnd Álftaversafréttar

Málsnúmer M21-0390

Málalykill 5.1.0

Dags. 04.01.2023

Fjallskilanefnd Álfaversafréttar
Skaftárhreppi

Fjallskil/smölun heimalanda Hraunbæjar og Bólhrauna.

Vísað er í erindi yðar, dags. 6. desember sl.

Ríkisjarðirnar Hraunbær og Bólhraun eru eyðijarðir og enginn býr á þessum jörðum. Ekki hefur verið ákveðið hvernig á að ráðstafa þessum jörðum eða hver framtíðaráform þessara jarða verður.

Við sölu á jörðinni Efri-Hraunbær var veitt vilyrði fyrir stækkun jarðarinnar inn á land jarðarinnar Hraunbæjar. Ástæða þess er sú að við landskipti varð land Efri-Hraunbæjar minna en til stóð í upphafi vegna landamerkjaóvissu með nágrannajörð Hraunbæjar.

Jarðeignir ríkisins gera ráð fyrir að Skaftárhreppur / Fjallskilanefnd Álfanesafréttar skipuleggi göngur í samráði við heimamenn. Sauðfjárbændur á svæðinu þekkja aðstæður vel og vita hvar þeirra fé var sleppt, er vant að leita til og halda sig. Því er best að kunnugir sjái um þetta verkefni svo það verði ekki eftir stór hluti af fé bændu á svæðinu. Við viljum ekki að fé verði eftir í vetur.

Framkvæmdasýslan - Ríkiseignir munu ekki senda starfsmenn í fjallskilinn / heimalandssmölun.

Jarðeignir ríkisins sem umráðandi landsins mun greiða þær álögur sem sveitarstjórn leggur á stofnunina, enda sé slík gjaldtaka í samræmi við gildandi fjallskilareglur.



Kveðja / regards,

Óskar Páll Óskarsson lögfr.

Eigna- og aðstöðustýringasvið

Tölvupóstur: oskar.p.oskarsson@fsre.is

S: 590-9700 | Borgartún 26 | 105 Reykjavík



Álftaveri 6.desember 2022

Framkvæmasýslan - Ríkiseignir
b/t Óskar Páll Óskarsson
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Efni: fjallskil/smölun heimalanda Hraunbæjar 163368 og Bólhrauna 163305

Á fundi Fjallskilanefndar Álftaversafréttar haldinn á Herjólfstöðum þann 6.desember 2022 var samþykkt að senda Ríkiseignum f.h. eiganda ríkisjarðanna Hraunbæjar og Bólhrauna eftirfarandi erindi.

Fjallskilanefnd í umboði sveitarstjórnar Skaftárhrepps starfar samkvæmt lögum nr. 6/1986 um afréttarmálefni fjallskil o. fl. og samkvæmt fjallskilasamþykkt fyrir Vestur-Skaftafelissýslu nr. 774/2020. Meðal hlutverka nefndarinnar er að jafna niður fjallskilaskyldu vegna Álftaversafréttar á þau býli sem rétt hafa til að nýta afréttinn, sjá um framkvæmd smölunar og uppgjör að verki loknu. Þá ber fjallskilanefndinni einnig skylda að sjá til þess að heimalönd jarða í Álftaveri séu hreinsmöluð. Hvað varðar þá smölun, þá hafa ábúendur og/eða eigendur þeirra nær undantekningalaust sjálfir séð um og borið ábyrgð á þeirri framkvæmd.

Nú bregður svo við að með uppskiptingu Hraunbæjar í tvær jarðir og uppsögn leigjanda Bólhrauna fyrir fáeinum árum síðan, að umtalsvert stórt landssvæði þessara jarða, ca. 11-12.þúsund ha. eru orðnir umboðslausir og því á ábyrgð landeiganda, þ.e. ríkisins.

Það eru því eðlilegar spurningar fjallskilanefndar Álftaversafréttar til Ríkiseigna við þessar breytingar og jafnframt efni þessa erindis...

Hver eru framtíðaráform landeiganda varðandi þessar jarðir þ.e. Hraunbær og Bólhraun?

Og einnig með hvaða hætti hugsar landeigandi sér að rækja þær skyldur sem fylgja jörðunum, er lífur að verksviði fjallskilanefndar?

Fjallskilanefnd óskar þess að svar við þessu erindi berist nefndinni eigi síðar en 15. febrúar n.k.

Með vinsemd,

f.h. fjallskilanefndar Álftaversafréttar,

Ónar Egill Kolbeinsson